

# Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 22. nóvember 2019

Mál nr. S-110/2018:

**Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra**

*Sigurður Hólmur Kristjánsson*

**gegn**

**Guðmundur Helgason**

*Andrés Már Magnússon*

## Dómur

### I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. október sl., er höfðað af lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra 31. október 2018 á hendur Guðmundi Helgasyni, fæddum [...], til heimilis að [...], fyrir líkamsárás „með því að hafa aðfararnótt sunnudagsins 25. september 2016, norðan við reiðhöllina Svaðastaði við Flæðigerði á Sauðárkróki, veist að X, kt. 000000-0000, og slegið hann í andlitið með þeim afleiðingum að X tvíbrotnaði á kjálka.

Telst framangreint varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

*Einkaréttarkrafa*

Í málinu gerir Þ. Skorri Steingrímsson, hdl., f.h. brotþola, X kt. 000000-0000, kröfu um að ákærði greiði brotþola kr. 3.175.000 auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001, frá 25. september 2016 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.“

Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög frekast heimila. Þá krefst hann þess að einkaréttarkröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð verulega. Loks krefst hann þess að allur sakarkostnaður þ.m.t. þóknun verjanda síns greiðist úr ríkissjóði.

### II

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að lögreglumönnum sem voru við eftirlit við reiðhöllina Svaðastaði á Sauðárkróki hafi verið bent á róstur við hópferðabifreið sem stóð framan við reiðhöllina. A hafi greint frá því að X, brotþoli máls þessa, hafi slegið

hana en áverkar hafi ekki sést á A. Í skýrslunni kemur fram að brotaþoli hafi verið fyrir utan hópferðabifreiðina, mjög æstur og blóðugur í andliti, nefi og neðri kjálka. Haft er eftir brotaþola að hann væri með brotnar tennur. Brotaþoli greindi lögreglu frá því að maðurinn sem sló hann væri inni í hópferðabifreiðinni og lýsti manningnum. Lögreglu hafi verið bent á manninn, ákærða í máli þessu, sem þá sat rólegur inni í hópferðabifreiðinni en hann hafi verið með áverka á andliti. Haft er eftir ákærða að hann hafi lent í útistöðum við félag brotaþola skömmu áður og sá hafi slegið sig í andlitið. Í skýrslunni kemur fram að félagi ákærða sé vitnið B. Brotaþoli kom aftur til lögreglu og var enn æstur en þá var vitnið B ekki sjáanlegur. Eftir að lögregla hafði rætt við brotaþola var ákveðið að flytja hann á Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki þar sem hann fór í lækningu. Eftir skoðunina var hann fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur en læknirinn sem framkvæmdi skoðunina taldi brotaþola vera kjálkabrotinn. Við skoðun á Landspítalanum kom í ljós að brotaþoli var tvíbrottur á kjálka og gekkst hann undir aðgerð vegna þessa.

Meðal gagna málsins er læknisvottorð þar sem fram kemur að ákærði hafi orðið fyrir líkamsárás 25. september 2016 en hann hafi verið sleginn í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut „brot við kinnbeini og augntóft við megin með blæðingu inn í kinnholur. Nú ári eftir áverkann er hann enn með óeðlilega skynjun á svæðinu og alls óvíst að það muni breytast.“

### III

Rétt þykir að gera í stuttu máli grein fyrir rekstri málsins hjá lögreglu og hér fyrir dómi. Atvik máls þessa áttu sér stað 25. september 2016. Frumskýrsla lögreglu er dagsett 10. október sama ár. Brotaþoli gaf sína fyrstu skýrslu 9. desember það ár og ákærði tæpum tveimur vikum síðar. Lögregla tók síðan skýrslur af vitnum á tímabilinu 22. desember 2016 til 3. apríl 2017. Í byrjun júlímánaðar 2017 var tekin skýrsla af vitninu B en hann hafði við þá skýrlutöku stöðu sakbornings. Ákærði lagði fram bótakröfu á hendur brotaþola 1. september 2017. Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra ákvað, 25. janúar 2018, að fella niður mál á hendur brotaþola. Ákærði sætti sig ekki við þá niðurstöðu og kærði ákvörðunina til ríkissaksóknara 20. febrúar 2018. Í lok maí 2018 felldi ríkissaksóknari ákvörðun lögreglustjóra úr gildi. Hinn 30. október 2018 felldi lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra málið niður á ný. Sú ákvörðun var einnig kærð til ríkissaksóknara sem vísaði kærinni frá með þeim rökum að hún hafi borist of seint. Ákæra í máli þessu barst dóminum 2. nóvember 2018 og var málið þingfest 11. desember sl. Ákærði var á sjó og var málinu þá frestað til 8. janúar á þessu ári. Ákærði sótti þá

þing, neitaði sök og hafnaði framkominni einkaréttarkröfu. Málið var tekið fyrir á ný 12. febrúar sl. en þá lá ekki fyrir afstaða ríkissaksóknara á kæru vegna síðari niðurfellingar máls á hendur brotþola, var málinu frestað til 9. apríl. Þann dag var málinu frestað til aðalmeðferðar 23. maí. Ekki varð af aðalmeðferð þann dag vegna forfalla. Aðalmeðferð hófst síðan 22. ágúst sl. en vegna forfalla vitna tókst ekki að ljúka henni fyrr en 10. október sl.

#### IV

Ákærði bar fyrir dóminum að hann hafi farið á dansleik í reiðhöllinni á Sauðárkróki umrætt kvöld og verið undir áhrifum áfengis en ekki miklum. Að dansleiknum loknum hafi hann verið fyrir utan að reykja í innskoti við enda reiðhallarinnar en þar hafi verið nokkrar manneskjur. Meðan hann er að reykja hafi vitnið B og einhver með honum verið með ljótan kjaft og dólghátt við þá sem voru í skotinu. Hann hafi beðið þá um að hætta en þá hafi þeir hótad honum og B slegið til hans. Þá hafi þeir lent í átökum og hann snúið B niður sem þá hafi lofað að hætta og þeir staðið á fætur. Vinur B hafi horfið meðan á þessu stóð. Ákærði kvaðst í framhaldi af þessu hafa gengið í átt að rútu sem hann ætlaði að fara með og B gegnið við hlið hans og þegar hann átti eftir nokkra metra í rútuna hafi brotþoli gengið rösklega og ógnandi til hans. Hann hafi þá snúið sér að brotþola sem hafi sagt eitthvað á þá leið að hann ætlaði að berja hann og án frekari aðvörunar hafi brotþoli slegið hann í andlitið. Um leið og hann fær höggið hafi hann slegið til baka og brotþoli þá færst frá honum. Strax eftir þetta hafi hann farið inn í rútu og sest þar niður. Eftir mjög skamma stund, eina til þrjár mínútur, hafi lögregla komið inn í rútu og fengið hjá honum nafn og kennitölu og spurt hann um hvað hefði gerst og því hafi hann lýst. Ákærði lýsti því að hann hafi tvíbrotnað í andliti við högg brotþola og taldi hann ómögulegt að B hafi veitt honum þetta högg. Aðspurður um það sem fram kemur í frumskýrslu lögreglu þar sem haft er eftir honum að félagi brotþola hafa slegið sig í andlitið segir ákærði að þetta sé ekki rétt eftir honum haft en hann hafi sagt að brotþoli hafi slegið hann en einhver misskilningur hafi verið um þetta enda hafi hann á þessum tíma ekki þekkt B eða brotþola. Ákærði mundi ekki til þess að B hafi náð að slá hann einu einasta höggi og kvaðst hann ekki í nokkrum vafa um að brotþoli sló hann í andlitið.

Brotþoli bar að hann hafi séð frænda sinn, B, í einhverjum átökum við ákærða sem þá var ofan á B. Hann hafi reynt að taka ákærða af B og þá hafi ákærði talið að þeir hafi báðir ætlað að ráðast á hann. Ákærði hafi kýlt hann og hann hafi þá farið inn á klósett til

að skoða áverkana. Eftir það hafi hann farið út aftur í þeim tilgangi að reyna að finna ákærða sem þá var kominn inn í rútu. Hann hafi farið þar inn en ekki komist til ákærða. Eftir það hafi hann farið til lögreglu sem var á vettvangi. Hann kvaðst ekki muna hvort hann hafi slegið ákærða. Að sögn brotþola tvíbrotnaði hann í andliti og hann sé enn með verki í andliti þó mis mikla. Vitnið mundi til þess að fleira fólk var á vettvangi en hverjir það voru mundi hann ekki. Vitnið kvaðst ekki hafa lent í öðrum átökum þetta kvöld. Vitnið mundi ekki til þess að hafa sagt við lögreglu, þegar hann var á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki, að hann hefði slegið ákærða og þá mundi hann ekki til þess að hafa gert það. Brotþoli kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis þetta kvöld.

Vitnið B kvaðst muna illa eftir atvikum þetta kvöld enda langt um liðið og þá hafi hann verið undir áhrifum áfengis. Að sögn vitnisins mundi hann eftir því að ákærði hafi slegið brotþola en hann mundi ekki eftir því að atvikið hafi átt sér nokkurn aðdraganda en á þessum tíma hafi hann og brotþoli verið á leið inn í bíl en hann hafi staðið nokkra metra frá þeim stað sem atvikið átti sér stað. Nánar lýsti vitnið þessu þannig að hann hafi litið við og þá séð að ákærði sló brotþola og taldi að á þeim tímapunkti hafi enginn staðið á milli ákærða og brotþola. Bar vitnið að atvikið hafi átt sér stað undir lok dansleiksins, nánast í anddyri reiðhallarinnar. Vitnið kvaðst ekki hafa séð brotþola slá ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa átt í neinum átökum þetta kvöld og mundi ekki eftir að hafa orðið vitni að öðrum átökum. Aðspurt neitaði vitnið því að hafa átt í átökum við ákærða. Vitnið var spurt út í skýrslu sína hjá lögreglu þar sem fram kemur að hann hafi tekið ákærða niður. Vitnið kvað það atvik hafa átt sér stað fyrr og á öðrum stað en á þessum tíma hafi hann verið með öðrum manni, D, og þá kvaðst hann ekki viss um að ákærði hafi átt hlut að því máli en hann viti ekki hvort það var sami maðurinn sem sló brotþola og átti í útistöðum við D. Hann kvaðst á þessum tíma hafa verið að koma í veg fyrir að D lenti í átökum. Vitnið bar að þegar ákærði er nafngreindur í skýrslu lögreglu sé nafn hans ekki frá honum komið. Þá kvaðst vitnið ekki hafa hitt ákærða aftur eins og í skýrslunni greinir. Vitnið mundi ekki til þess og taldi ólíklegt að hann hafi greint lögreglu frá því að hann hafi slegið einhvern.

Vitnið E greindi frá því að hún þekki brotþola og þau séu kunningjar en ákærða þekki hún ekki. Hún kvaðst hafa setið í bíl fyrir framan reiðhöllina þegar hún sá rifrildi og kýting, sem stóð í nokkra stund, milli ákærða og brotþola og ákveðið að stíga á milli og reynt að stíga þeim í sundur. Bar vitnið að ákærði, sem stóð fyrir framan hana hafi þá kýlt brotþola, sem stóð fyrir aftan hana, yfir öxlina á henni. Hún kvaðst ekki hafa séð nein

átök milli þeirra áður en ákærði sló brotþola. Hún kvaðst ekki hafa séð brotþola slá til ákærða. Vitnið lýsti því að atvikið hafi átt sér stað rétt við innganginn í reiðhöllina. Eftir höggið hafi brotþoli reynt að komast inn í rútuna en síðan farið með lögreglunni. Vitnið sagði mikið af fólki hafa verið á vettvangi en hún mundi ekki hvaða fólk þetta var. Hún mundi ekki til þess að B hafi verið hjá ákærða og brotþola. Þá kvaðst hún ekki hafa séð að ákærði hafi verið sleginn. Vitnið kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis en ekki miklum. Vitnið var spurt út í framburð sinn hjá lögreglu og taldi rétt eftir henni haft að B hafi verið á vettvangi og hann hafi slegið ákærða þrátt fyrir að hún muni það ekki nú.

Vitnið F greindi frá því að hann hafi setið í bíl, sem hann ók, skammt frá rútunni sem ákærði fór inn í eftir atvikið en það hafi hann ekki séð. Vitnið kvaðst ekki muna vel eftir þessu, enda langt um liðið, en mundi eftir að hafa séð ákærða hlaupa inn í rútuna. Hann kvaðst hafa séð rígg á milli ákærða sem hann þekki og einhverra en hann hafi ekki séð nein högg. Hann hafi fyrr um kvöldið sé ákærða „vera í einhverju veseni.“ Sama hafi átt við um hinn aðilann sem hann ekki þekkir án þess að hann muni til þess að hafa séð eitthvað gerast á milli þeirra. Vitnið kvaðst hafa upplifað hlaup ákærða þannig að hann hafi verið á flóttu. Vitnið kvaðst telja að lýsing atvika í skýrslu hjá lögreglu séu rétt en þar kemur fram að ákærði hafi slegið frá sér.

Vitnið G lögreglumaður kvaðst hafa verið við eftirlit þetta kvöld. Hann kvað átökin milli ákærða og brotþola hafa verið yfirstaðin þegar hann kom að og sá sem sagður var vera árásarmaður kominn inn í rútuna en hann mundi ekki hver vísaði á árásarmanninn en það hafi verið fleiri en einn sem gerðu það. Sökum þess hversu langt er liðið frá atburðunum vísaði vitnið til frumskýrslu lögreglu um það sem fram kom á vettvangi. Vitnið sagði að brotþoli hafi verið með greinilega áverka í andliti. Vitnið kvaðst muna til þess að vitnið B hafi verið viðloðandi þetta mál en gat ekki lýst því nánar. Vitnið bar að upplýsingar sem fram koma í frumskýrslu lögreglu um það sem gerðist inni í rútunni séu upplýsingar sem hann fékk en hann hafi ekki farið inn í rútuna. Þar inn hafi farið lögreglumaður eða lögreglumenn sem voru með honum á vettvangi en hverjir það voru mundi vitnið ekki.

Vitnið H lögreglumaður kvaðst hafa verið við eftirlit þetta kvöld ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum. Tveir menn, brotþoli blóðugur í andliti og vitnið B, hafi komið að lögreglubifreiðinni og rætt hafi verið við þá. Brotþoli hafi verið æstur og erfitt að átta sig á því hvað hann var að tala um. Brotþoli hafi lýst því að hann hafi orðið fyrir höggi. Í framhaldi af þessu hafi hann farið inn í rútuna sem þarna var ásamt vitninu G sem ræddi

við ákærða en vitnið mundi ekki hvað þeim fór á milli. Vitnið mundi ekki eftir að hafa séð áverka á ákærða en tók fram að nokkuð er liðið frá því að atburðir þessir áttu sér stað.

Vitnið I lögreglumaður greindi frá því að hún hafi verið í lögreglubifreið þegar hún sá „eitthvað kaos“ fyrir utan rútu við reiðhöllina. Hún hafi ásamt öðrum lögreglumanni, vitninu H, gengið að og þar hafi verið mikill æsingur. Einhver hafi „sagst hafa barið þennan og hinn.“ Hún hafi farið inn í rútna og rætt við mann sem átti að hafa kýlt brotþola. Sá hafi setið rólegur inni í rútnunni og greint frá því að hann hafi verið á dansleiknum og einhverjir strákar hafi verið að elta hann allt ballið og ógna honum. Hann hafi sagt að hann hafi kýlt brotþola en hún hafi í raun lítið talað við ákærða þar sem aðeins einn lögreglumaður var með henni inni í rútnunni.

Vitnið Í lögreglumaður bar að hans aðkoma að málinu hafi verið á seinni stigum en hann hafi farið með brotþola á spítala en þá hafi átökin verið yfirstaðin. Að sögn vitnisins var brotþoli verulega undir áhrifum áfengis og augljóslega mikið slasaður í andliti. Spurður út í færslu í dagbók lögreglu þar sem fram kemur að brotþoli hafi sagt að hann hafi slegið ákærða í tvígang staðfesti vitnið að brotþoli hafi sagt þetta og þá staðfesti vitnið að færslan í dagbókina væri rétt.

Vitnið J lögreglumaður kvað sína aðkomu að málinu hafa falist í því að hann flutti brotþola, ásamt vitninu Í, á sjúkrahús. Að sögn vitnisins var brotþoli mikið ölvaður og í annarlegu ástandi. Vitnið var líkt og vitnið Í spurður út í færslu í dagbók lögreglu. Vitnið mundi ekki eftir því að hafa heyrt brotþola lýsa því að hann hafi slegið ákærða.

## V

Ákærða er í máli þessu gefið að sök að hafa slegið brotþola eitt högg í andlitið með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Af hálfu ákæruvalds er á því byggt að vitnisburður fyrir dóminum og rannsóknargögn lögreglu sanni sekt ákærða. Ákærði byggir sýknukröfu sína á því að á hann hafi verið ráðist og hann hafi verið að verja sig og sú háttsemi hans sé honum refsilaus með vísan til 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kvöldið sem atvikið átti sér stað var haldinn fjölmennur dansleikur í reiðhöllinni á Sauðárkróki og má ráða að dansleiknum hafi verið að ljúka eða honum lokið. Þrátt fyrir að margt fólk hafi verið á staðnum tókst lögreglu ekki að hafa uppi á vitnum að átökunum fyrir utan vitnið E sem kvaðst hafa séð ákærða slá brotþola.

Ákærði bar að hann hafi átt í átökum við vitnið B og annan mann en B hafi slegið til hans. Eftir að þeim átökum lauk hafi hann gengið í áttina að rútu sem hann ætlaði að fara

með og B við hlið hans. Þá hafi brotþoli komið og slegið hann í andlitið og hann slegið til baka. Brotþoli kvaðst hafa séð ákærða í átökum við B og hann þá reynt að taka ákærða ofan af B. Ákærði hafi þá haldið að þeir ætluðu báðir að ráðast á hann og slegið sig. Hann hafi eftir höggið farið inn á salerni og síðan snúið til baka og ætlað að finna ákærða. Vitnið B lýsti því að ákærði hefði slegið brotþola að því er virtist fyrirvaralaust. Sjálfur hafi hann, á þessum tímapunkti, verið nokkra metra frá ákærða og brotþola. B kannaðist við að hafa lent í átökum fyrr um kvöldið, á öðrum stað, en hvort það var við ákærða eða annan mann vissi hann ekki og kvað hann það atvik ekki tengjast þessu atviki. Vitnið E lýsti því að hún hafi séð ákærða og brotþola rífast nokkra stund. Hún hafi ákveðið að reyna að koma í veg fyrir átök og gengið á milli þeirra og þá hafi ákærði slegið brotþola yfir öxlina á henni. Þá taldi hún að lýsing hennar á atburðum hjá lögreglu væri rétt en þar bar hún að vitnið B hafi verið þarna og að hann hefði slegið ákærða. Vitnið F taldi að framburður hans hjá lögreglu í þá veru að hann hafi séð ákærða slá frá sér vera réttan en hann gat ekki lýst atvikinu nánar. Ákærði, brotþoli eða vitnið B nefndu hins vegar ekki að nokkur hafi reynt að stöðva átökin eða staðið á milli ákærða og brotþola, líkt og vitnið E lýsti. Önnur vitni sem fyrir dóminn komu sáu ekki átök á milli ákærða og brotþola.

Ekki eru efni til að draga í efa að ákærði hafi verið sleginn þungu höggi eða höggum í andlitið en hann var tvíbrottinn líkt og áður er getið. Þá liggur fyrir að ákærði hefur játað að hafa slegið brotþola og eru ekki efni til að efast um að afleiðingar höggsins hafi verið þær sem í ákæru greinir. Að framan er rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum. Verður helst af honum ráðið að ákærði hafi, skömmu áður en atvikið sem hér er til umfjöllunar átti sér stað, átt í útistöðum við vitnið B og annan mann. Þá verður og að ætla að brotþoli hafi komið þar að og viljað aðstoða frænda sinn, B. Af framburði brotþola verður helst ráðið að ákærði hafi á þessum tíma slegið hann högg í andlitið. Þrátt fyrir að ákærði, brotþoli og vitnið B hafi ekki tekið eftir vitninu E á vettvangi eru ekki efni til að efast um framburð hennar og lagt til grundvallar að brotþoli hafi ekki slegið ákærða nánast á sama tíma og ákærði sló brotþola en ákærði lýsti atvikum þannig að hann hafi slegið brotþola í kjölfar höggs frá brotþola. Er því ekki unnt að fallast á með ákærða að rétt sé að fella háttsemi hans undir neyðarvörn, sbr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að sakfella ákærða fyrir þá háttsemi sem honum er í ákæru gefin að sök.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu. Telja verður sannað að brotþoli hafi blandað sér í átök ákærða og vitnisins B og leggja verður til grundvallar að þau átök hafi átt sér stað skömmu áður. Þá er og ljóst að ákærði var sleginn í andlitið og kemur ekki annað til álita en að þar hafi brotþoli eða B verið að verki. Að þessu virtu er það mat dómsins að við ákvörðun refsingar sé rétt að horfa til 3. mgr. 218. gr. c almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi en efni eru til að binda refsinguna skilorði og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins.

Að fenginni þessari niðurstöðu ber með vísan til 235. gr. laga um meðferð sakamála að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar sem samanstendur af þóknunum verjanda ákærða og réttargæslumanns brotþola auk ferðakostnaðar lögmanna. Þóknanir verjanda og réttargæslumanns brotþola þykja, að teknu tilliti til umfangs málsins, þess tíma sem fór í ferðalög og tímaskýrslna lögmanna hæfilegar ákveðnar eins og í dómsorði greinir. Ferðakostnaður verjanda nam 138.086 krónum og ferðakostnaður réttargæslumanns brotþola 192.060 krónum. Þóknanir innifela virðisaukaskatt.

Með vísan til áverka á brotþola sem staðfestir eru með vottorðum lækna er ljóst að ákærði hefur með háttsemi sinni bakað sér bótaskyldu gagnvart brotþola. Þykja miskabætur samvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 hæfilega ákveðnar 500.000 krónur. Þá ber að taka til greina kröfu brotþola um greiðslu þjáningabóta skv. 3. gr. skaðabótalaga í 72 daga að fjárhæð 135.000 krónur. Brotþoli krefst einnig bóta fyrir tímabundið atvinnutjón að fjárhæð 2.000.000 króna. Sú krafa er reyst á því að brotþoli hafi misst af einni veiðiferð á togara en laun hans fyrir hverja veiðiferð hafi að meðaltali numið rétt rúmum 2.000.000 króna. Brotþoli hefur ekki lagt fram staðfestingu á því að hann hafi misst af veiðiferð sem til stóð að hann færi í á þessum tíma og ekki upplýsingar um hver hásetahlutur var í þeirri veiðiferð. Verður því ekki hjá því komist að vísa kröfu hans um bætur vegna tímabundins atvinnutjóns frá dómi. Upphafsdagur dráttarvaxta miðast við 17. desember 2018 en þann dag var liðinn mánuður frá birtingu bótakröfunnar.

Af hálfu ákæruvaldsins sótt málið Sigurður Hólmar Kristjánsson saksóknarfulltrúi lögreglustjórans á Norðurlandi verstra.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan að gættum ákvæðum 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Guðmundur Helgason, sæti fangelsi í tvo mánuði. Fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 1.942.766 krónur í sakarkostnað, þar með talin 811.580 króna þóknun verjanda síns, Andrésar Mús Magnússonar lögmanns og 801.040 króna þóknun réttargæslumanns brotaþola, Þormóðs Skorra Steingrímssonar lögmanns.

Ákærði greiði brotaþola, X, 635.000 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 25. september 2016 til 17. desember 2018 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Kröfu brotaþola vegna tímabundins atvinnutjóns er vísað frá dómi.

Halldór Halldórsson